

Jöklarannsóknafélag Íslands

Staða og framtíðarsýn



Stjórn JÖRFÍ og stefnumótunarnefnd - nóvember 2006

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	1
2.	JÖRFÍ 1950-1995	1
3.	JÖRFÍ 1995-2006	3
3.1.	Rannsóknir	4
3.1.1.	Vorferðir	4
3.1.2.	Haustferðir og aðrar mælingaferðir	5
3.1.3.	Rannsóknastöðin á Grímsfjalli	6
3.1.4.	Sporðamælingar	6
3.2.	Flutningar og bílamál	6
3.3.	Útgáfustarfsemi	8
3.3.1.	Jökull	8
3.3.2.	Fréttabréf	9
3.3.3.	Heimasíða	11
3.3.4.	Önnur útgáfa	11
3.4.	Skálamál	11
3.4.1.	Grímsfjall	12
3.4.2.	Esjufjöll	13
3.4.3.	Jökulheimar	13
3.4.4.	Aðrir skálar	13
3.5.	Skemmiferðir	14
3.6.	Fundir	14
3.6.1.	Fundir	14
3.6.2.	Árshátíðir og aðrar skemmtanir	14
3.7.	Fjármál, samantekt	15
4.	Framtíðarsýn og úrbætur í starfsemi félagsins	18
4.1.	Framtíðarsýn í rannsóknum	18
4.2.	Framtíðarsýn í skálamálum	19
4.3.	Framtíðarsýn í bílamálum	20
4.4.	Framtíðarsýn í útgáfumálum	21
4.5.	Framtíðarsýn um ferðir og félagsmál	22
	Viðauki: Niðurstöður SVÓT-greiningar á fundi stjórnar og nefnda 31. janúar 2006	24

1. INNGANGUR

Jöklarannsóknafélag Íslands var stofnað fyrir 55 árum til að koma á skipulegum rannsóknum á jöklum landsins. Félagið hefur gegnt því hlutverki frá upphafi að stuðla að rannsóknum með skipulagningu rannsóknarleiðangra, útgáfu tímaritsins Jökuls og með því að byggja skála á og við jökla landsins. Jafnframt hefur þróast innan félagsins merkilegt samfélag áhugafólks og fagfólks á sviði rannsókna, ferðamennsku og skálabygginga. Fullyrða má að þetta samfélag sé það sem haldið hefur féluginu saman allt frá upphafi.

Öllum félögum er hollt að líta öðru hvoru um farinn veg, gaumgæfa stöðu sína og horfa fram á veginn. Þessi skýrsla er hluti af þess háttar viðleitni hjá Jöklarannsóknafélaginu. Nú er áratugur liðinn síðan hliðstætt plagg kom út og þykir því tímabært að fara yfir stefnuna og marka framtíðarsýn til næstu ára. Hita og þunga af starfinu hefur borið nefnd sem skipuð var af stjórn félagsins á árinu 2004. Nefndina skipuðu Árni Páll Ámason, Ástvaldur Guðmundsson, Magnús Hallgrímsson, Magnús Tumi Guðmundsson og Þorsteinn Þorsteinsson. Nefndin hefur starfað með nokkrum hléum. Hún byrjaði á því að safna gögnum um starfsemi félagsins síðustu 10 árin og greina þróun í starfseminni. Eftir áramótin 2005-2006 var kraftur settur í starf nefndarinnar, boðaður fundur með stjórnar- og nefndarmönnum og gerð SVÓT greining á helstu þáttum í starfseminni (SVÓT: greining á Styrk, Veikleika, Ógnunum og Tækifærum). Eru niðurstöður hennar í viðauka hér á eftir. Var fundurinn ákaflega gagnlegur og byggist samantekt sú sem hér fer á eftir um framtíðarsýn mjög á vinnu fundarmanna.

Í þessari skýrslu er fyrst farið hratt yfir tilurð og starf félagsins fyrstu 45 árin. Síðan er fjallað um tímabilið 1995-2005 og skoðaðar breytingar á fjölda félaga, helstu tekju- og gjaldaliðum og útgáfustarfsemi. Í kjölfar þeirrar úttektar kemur tillaga að framtíðarsýn félagsins um rannsóknir, skálamál, bílamál, útgáfumál, ferðir og félagsmál.

2. JÖRFÍ 1950-1995

Félagið var stofnað haustið 1950 að frumkvæði Jóns Eypórssonar. Varð Jón fyrsti formaður félagsins og gegndi því starfi til dauðadags en hann lést 1968. Tímasetning stofnunar félagsins tengdist fyrirhugðum rannsóknum á Vatnajökli vorið 1951, en þá gerði fransk-íslenski leiðangurinn fyrstu mælingar á þykkt jökulsins. Sama sumar var skáli reistur á Breiðamerkursandi og annar í Esjuþjóllum til að auðvelda rannsóknarferðir á jökulinn. Þáttaskil urðu með tilkomu Hófsvaðs á Tungnaá og eftir það varð Tungnárjökull helsta aðkomuleið leiðangra og hefur verið það síðan. Skáli var byggður í Jökulheimum 1955 og

annar á Grímsfjalli tveimur árum síðar. Hefur aðstaðan á þessum stöðum síðan verið byggð upp með fleiri húsum. Vorferðir hófust 1953 og hafa verið reglulegur þáttur í starfsemi félagsins síðan. Fljótlega eignaðist félagið tvo snjóbíla (vísla) og notaði þá í tæp 20 ár í rannsóknaleiðöngrum en einnig lagði Guðmundur Jónasson oft til Bombardier snjóbíl sinn, Gusa. Sigurður Þórarinnsson tók ósjaldan þátt í vorferðum fyrstu 20 árin en hann varð fljótlega formaður JÖRFÍ eftir fráfall Jóns Eypórssonar. Gegndi hann því starfi til þar til hann féll frá 1983. Jón Eypórsson naut mikillar virðingar og hylli þess vaska hóps sem myndaði fljótlega kjarnann í félaginu. Sigurður orti snjallar vísur um brölt á jöklum og jöklafólk. Í þessu andrúmslofti varð til sá sterki félagsandi sem einkennt hefur Jöklarannsóknafélagið.

Fyrsta áratuginn beindust rannsóknir einkum að Grímsvötnum, gagnaöflun um vatnshæð og afkomu. Á 7. áratugnum voru m.a. unnar þyngdarmælingar til rannsókna á ísþykkt, mæld allmörg hæðarsnið og tilraunir með boranir til að rannsaka samsætuhlutföll hófust. Þær rannsóknir náðu hápunkti með borun í Bárðarbungu sumarið 1972. Verkefni þetta var unnið undir forystu vísindamanna frá Raunvísindastofnun Háskólans en Jöklarannsóknafélagið bar hitann og þungann af flutningum, sem voru ærnir. Seinna á 8. áratugnum fóru fram prófanir á íssjá til þykktarmælinga á þíðjöklum. Tókst vísindamönnum á Raunvísindastofnun að smíða slíka íssjá og leiddi notkun hennar á 9. áratug 20. aldar til byltingar í þekkingu á Vatnajökli og Hofsjökli, þegar landslag var kortlagt undir stórum hluta þessara jökla. Þáttaskil urðu í vorferðum félagsins 1976 þegar Landsvirkjun hóf þátttöku með því að leggja til snjóbíl og bílstjóra. Hefur það samstarf haldist síðan. Á árunum 1977 og 1979 var gert átak í að byggja litla skála sem fluttir voru í Esjufjöll, Kverkfjöll, á Goðahnúka og að Fjallkirkju í Langjökli. Sumarið 1987 var stórt og vel búið hús flutt á Grímsfjall og gerbreytti tilkoma þess aðstöðu á fjallinu fyrir bæði rannsóknar- og skemmiferðir. Enn var bætt um betur með byggingu vélageymslu- og snyrtihúss vorið 1994. Þessi hús voru öll dregin fullbúin á jökul, af snjóbílum Landsvirkjunar, en Hjálparsveit Skáta í Reykjavík lagði einnig til bíl í flutningana 1994.


Allt frá upphafi hefur JÖRFÍ haft umsjón með mælingum á jökulsporðum, þar sem fylgst hefur verið með hopi þeirra og framskriði. Verkefnið er þó eldra en félagið því Jón Eypórsson kom af stað skipulegum sporðamælingum 1932. Hafði Jón umsjón með mælingunum meðan hann lifði. Síðan tók Sigurjón Rist við en síðustu tvo áratuginna hefur umsjónin verið í höndum Odds Sigurðssonar. Vegna þess langa tíma sem sporðamælingarnar hafa staðið er þær nú orðnar að stórmerku gagnasafni um jökla Íslands. Svo til öll vinnan við mælingarnar er unnin af ólaunuðum sjálboðaliðum.

Tímaritið Jökull hóf göngu sína 1951, sem ársrit Jöklarannsóknafélagsins. Hefur það komið út einu sinni að ári að jafnaði. Ritið hefur alla tíð haft nokkra sérstöðu hér á landi því það var frá upphafi að hluta vísindarit með ritrýndum greinum sem birtar hafa verið á ensku. Einnig hafa í ritinu birst frásagnir af jöklaferðum og ýmislegt fræðsluefni.

Stofnfélagar voru 42 en á aðalfundi í apríl 1952 voru félagar orðnir 150. Árið 1962 greiddu 330 manns árgjald. Tveimur árum síðar voru skráðir félagar 312 og 1965 kemur fram í ársreikningum að 330 hafi greitt árgjald. Um 1980 voru skráðir félagar milli 500 og 600 en

sjaldan hefur meira en 70-80% skráðra félaga greitt árgjald á hverjum tíma. Fjöldi félaga hefur lítið breyst undanfarin 25 ár.

Ekkert yfirlit er til um fjárhag félagsins frá upphafi og fram yfir 1980. Af reikningum félagsins sem birtust öðru hvoru í Jökli má fá einhverja hugmynd um fjárhagsstöðuna hverju sinni. Svo virðist að árgjöld vegi misþungt og stundum hafi styrkir til rannsókna verið töluvert hærri en árgjöld. Í 7. árgangi Jökuls eru listaðar gjafir til skála á Grímsfjalli og námu þær 17.900 kr. Í ársreikningi fyrir 1965, sem birtur er í 15. árgangi Jökuls, kemur fram að heildartekjur voru 280 þús. kr. Þar af eru árgjöld 33 þús. kr. en fjárveitingar frá Alþingi, Vísindasjóði og Menntamálaráði samtals 135 þús. kr. Gjafir til Jökulhúsa námu 33 þús. Þar af gaf Jón Eyþórsson tæplega 32 þús. kr. Ljóst er að skálabyggingar voru að verulegu leyti fjármagnaðar af samskotum og gjöfum.




1. mynd. Fjöldi félaga og áskrifenda 1995-2005.

3. JÖRFÍ 1996-2005

Á síðustu 10 árum hefur starfið í meginatriðum verið með svipuðu sniði og var fyrir 1995. Ýmsar breytingar hafa þó orðið. Ferðatækni hefur þróast, umfang rannsókna hefur stóruð og fleiri aðilar unnið að rannsóknum sem tengjast félaginu á einn eða annan hátt.

Á 1. mynd sést fjöldi skráðra félaga 1995-2005. Fækkunin 1995-1999 er að hluta vegna tiltektar í félagaskrá en einnig kom Jökull stopult út á þessu tímabili og á það ugglaut þátt í fækkuninni. Hæg fjölgun hefur verið frá 1999.



2. mynd. Útlagður rannsóknakostnaður, einkum sporðamælingar. Tölur á verðlagi ársins 2005.

3.1. Rannsóknir

Síðasti áratugur hefur verið viðburðaríkur með þremur eldgosum í Vatnajökli, stórhlaupi á Skeiðarársandi og umbrotum í Mýrdalsjökli. Framhlaup urðu í Dyngjufjöklum og Hagafellsjökli Eystrí. Þá hefur umfang jöklarannsókna, aukist á þessu tímabili, m.a. með rekstri sjálfvirkra veðurstöðva yfir sumartímann. Veðurstofa Íslands hefur aukið umsvif sín og rekur nú jarðskjálftamæli á Grímsfjalli og hefur gert tilraunir með siritandi GPS tæki. Jöklarannsóknafélagið hefur ekki verið beinn þátttakandi í nema hluta þeirra verkefna sem unnin hafa verið á síðustu árum. Hinsvegar hefur félagið tekið mjög virkan þátt í að auka umfang rannsókna með skipulagningu ferða og uppbyggingu aðstöðu á Grímsfjalli.

2. mynd sýnir bein útgjöld til rannsókna en hér er einkum um að ræða kostnað vegna sporðamælinga. Verðlag hefur verið uppfært til ársins 2005 og gildir það sama um allar myndir sem hér fara á eftir. Minnstur hluti kostnaðar vegna rannsókna kemur fram hér, því kostnaður við bíl og styrkir vegna eldsneytis eru að verulegu leyti vegna rannsókniferða.

3.1.1. Vorferðir

Í kjölfar Gjálpargossins og Skeiðarárhlaupsins mikla haustið 1996 var ljóst að einstakt tækifæri gafst til rannsókna á eldgosum í jökli og afleiðingum þeirra. Lykilatriði í þeim rannsóknum voru umfangsmiklar mælingar á sigdældum, ísskriði, vatnshæð og raski samfara gosi og hlaupi, auk bræðsluborana í Grímsvötnum. Fékk Raunvísindastofnun Háskólans m.a. verulegt fjármagn úr ríkissjóði til þessara rannsókna. Jöklarannsóknafélagið lagði mjög mikilvægan skerf til rannsókna með því að skipuleggja langar vorferðir þrjú ár í röð (1997-1999) og haustferðir að auki. Félagið eignaðist bíl (Dodge) sem nýttist vel í þessum ferðum og reyndist mun notadrygra tæki en þeir gömlu snjóbílar sem félagið átti áður. Fullyrða má að skerfur JÖRFÍ hafi orðið til þess að fjárveitingar til þessara rannsókna nýttust mun betur en annars hefði orðið og vísindalegur ávinningur varð meiri. Rannsóknirnar í

kjölfar Gjálpargoss og Grímsvatnagossins 1998 verða að teljast með merkari viðfangsefnum félagsins.

Vorferðirnar eru skipulagðar af JÖRFÍ í samvinnu við stofnanir sem þátt taka, einkum Raunvísindastofnun (nú Jarðvísindastofnun), Landsvirkjun og Veðurstofu. Fjöldi þátttakenda hefur verið á bilinu 20-25. Þar af hafa 15-20 verið sjálfbóðaliðar JÖRFÍ en aðrir þátttakendur eru vísindamenn og tæknimenn stofnana. Ferðirnar hafa þótt takast vel enda hefur þar ríkt mjög góður andi. Reynt hefur verið að fara a.m.k. einn dag í skemmtiferð, t.d. í Kverkfjöll eða á Öræfajökul. Yfirleitt hafa þó verið gerðar mælingar á þessum stöðum samhliða skemmtiferðinni. Gott dæmi um þetta var þegar félagið minntist 100 ára afmælis mælingar Hvannadalshnúks vorið 2004 með nákvæmri mælingu Hnúksins. Verkefnið var gagnlegt og táknrænt en vakti athygli á starfsemi félagsins. GPS landmælingar eru einnig vaxandi þáttur, bæði vegna rannsókna á eldfjöllum undir þeim og til að kanna landris vegna rýrnunar jökla.

Ekkert bendir til þess að áhugi vísindamanna á rannsóknastofnunum fyrir því að fá inni með rannsóknir sínar í vorferð JÖRFÍ fari dvínandi. Í vorferðum er yfirleitt mikil flutningsgeta og nægar vinnufúsar hendur. Meðan félagið getur státað af þessari stöðu og hefur á að skipa nægilega stórum hópi harðduglegs jöklafólks er staða vorferðar í rannsóknum ekki í hættu. Gæta þarf þó vel að því að rækta tengsl við Landsvirkjun og Vegagerðina en báðar eiga nokkuð undir því að þekkingu á jöklum sé við haldið og við hana bætt. Fyrirtækin hafa styrkt vorferðina um langt skeið, hvor með sínum hætti.

3.1.2. Haustferðir og aðrar mælingaferðir

Óformlegar haustferðir voru farnar öðru hvoru eftir 1990. Var m.a. farið til afkomumælinga á Öræfajökli í lok ágúst 1994 á vélsleðum og í lok ágúst 1996 fór bílanefnd á Jaka á Grímsfjall til að fjarlægja leifar af mastri sem þar var um nokkurra ára skeið. Síðsumars 1997 og 1998 var Dodginn leigður með bílstjóra í rannsókniferðir í Grímsvötn og í Gjálp á vegum Raunvísindastofnunar. Á árunum 1999-2002 stóð félagið fyrir haustferðum í samvinnu við Landsvirkjun og Raunvísindastofnun. Sjálfbóðaliðar félagsins voru hinsvegar mjög fáir í þessum ferðum og frá 2003 hafa stofnanir alfarið staðið fyrir þeim.

Vorið 2001 fór hópur úr félaginu í langa dagsferð á Mýrdalsjökul í afburða góðu veðri. Í þessari ferð var vetrarafkoma mæld á þremur stöðum og komið upp fjölda ísskriðsstika. Þessi ferð þótti takast svo vel og afrakstur það áhugaverður að einlægur vilji kom fram um að gera ferðir á Mýrdalsjökul að árlegu verkefni. Ekki hefur það þó tekist. Borar til afkomumælinga eru fáir og uppteknir í verkefnum rannsóknastofnanna á öðrum jöklum fram eftir maí-mánuði. Tímabil þar sem mannaflí og tæki eru til reiðu milli mælingaferða stofnanna og vorferðar er skammur, veðuraðstæður eru misjafnar og vinnuferðir vegna skála hafa verið á svipuðum tíma.

Félagið hefur auk ofangreindra ferða öðru hvoru tekið þátt í tilraunum með kjarna- og bræðslubora á Langjökli í samstarfi við Vatnamælingar Orkustofnunar og fleiri. Yfirleitt hafa þetta verið helgarferðir þar sem bíll félagsins og nokkrir sjálfbóðaliðar hafa komið að verkinu.

Í ágúst 2005 stóð félagið fyrir mælingu eldri fastmerkja á Vatnajökli. Tókst þannig að tengja mælingar frá 6. og 7. áratug liðinnar aldar við nútímamælingar með GPS.

3.1.3. Rannsóknastöðin á Grímsfjalli

Í kjölfar umbrota í Vatnajökli haustið 1996, komu fram óskir um að viðvörunarkerfi landsins við náttúruvá yrði aukið. Veðurstofan setti upp nýjan jarðskjálftamæli og Raunvísindastofnun setti upp síritandi vatnshæðarmæli, þ.e. þrýstiskynjara sem komið var fyrir á botni Grímsvatna. Þá hefur veðurstöð verið rekin á fjallinu á sumrin síðustu árin. Samhliða þessu þurfti að auka við raforkuframleiðslu á Grímsfjalli, svo hægt yrði að reka aukinn tækjabúnað. Skáli I var stækkaður nokkuð í vorferð 1999 til að hægt yrði að hýsa ný tæki. Fékkst m.a. styrkur til efniskaupa frá Vegagerðinni. Nýjar gufufaststöðvar voru settar upp. Rekstur þeirra gekk þó erfiðlega lengi framan af. Fram kom beiðni frá stofnunum um að setja upp litla oliudrífna rafstöð og var henni komið fyrir utan við Skála I. Skiptar skoðanir voru í félaginu um hvernig staðið var að málum. Vildu margir að félagið hefði forystu um raforkumál á fjallinu. Varð úr að félagið kom upp stórri og fullkominni rafstöð á Grímsfjalli samtímis því að rafmagn var lagt í öll húsin. Þessi framkvæmd var stórt framfaraskref. Miklu skipti hér að Alcan á Íslandi lagði fram einnar milljónar krónu styrk til verksins.


Eldgosin í Grímsvötnum 1998 og 2004 hafa kallað á auknar rannsóknir og hagnýtingu rannsóknarstöðvarinnar. Síritandi GPS tæki bættist við á árinu 2005. Lykilatriði í uppbyggingu á Grímsfjalli hefur verið nægt framboð rafmagns. Gufufaststöðvar sjá flestum mælitækjunum fyrir grunnafla en dieselrafstöðvarnar hafa gert mögulega þá fjölgun mælitækja sem átt hefur sér stað á síðustu árum.

3.1.4. Sporðamælingar


Á undangengnum tíu árum hafa sporðamælingar félagsins verið svipaðar að umfangi og löngum áður, þó heldur fjölgi þeim stöðum þar sem mælt er. Mælingarnar eru mikilvægur þáttur í því að fylgjast með áhrifum verðurfars á jökla. Samfara umræðu um loftslagsbreytingar vegna aukningu koltvísýrings í andrúmsloftinu hafa sporðamælingarnar orðið mikilvægari með árunum og vakið æ meiri athygli. Fyrirspurnum frá fjölmiðlum um allan heim fer fjölgandi og hefur það skipulag að áhugamenn taki jökla í föstur og fylgist með heilsu þeirra vakið eftirtekt.

3.2. Flutningar og bílamál

Vorið 1997 urðu þáttaskil í ferðaháttum Jökларannsóknafélagsins. Snjóbílum var lagt og hóf félagið rekstur á stórum pallbíl, búnum til aksturs í snjó, m.a. með 44" dekkjum. Bombardier snjóbíllinn var gefinn til Jöklasafns á Hornafirði haustið 1999 og snjóbíllinn Jaki var seldur. Sá bíll var keyptur gamall og reyndist ekki vel. Hann var gjarn á að brjóta drif, en varahlutir



3. mynd. Kostnaður við rekstur bíls JÖRFÍ, þar með talið 2/3 hlutar húsaleigugjalda.




4. mynd. Tekjur af leigu bíls í rannsóknarverkefni á vegum annarra en JÖRFÍ.

voru mjög dýrir. T.d. brotnaði drifið í ferðinni haustið 1996 og því fylgdi töluvert umstang að koma bílnum biluðum til byggða.

Dodginn var keyptur notaður og bílanefndin vann mikið starf við að breyta honum til jöklaaksturs veturinn og vorið 1997. Fór hann sína fyrstu vorferð það ár. Þótti þar með sannað að bíll af þessu tagi fullnægði vel þörfum félagsins. Dodginn var með tvöföldu húsi og sérsmíðaðan pall sem nýttist vel til flutninga. Bíllinn var mikið notaður 1997-2001 og fór á þeim tíma margar ferðir á Vatnajökul, oft með mikinn flutning. Hann var seldur 2001 og svipaður en nýrri bíll keyptur af gerðinni Ford F-350. Þennan bíl hefur félagið notað síðan og bílanefndin endurbætt hann.

Bíll félagsins hefur nú mun fjölbreyttara hlutverk en snjóbílarnir höfðu áður. Hann er m.a. notaður í flutninga í tengslum við skálana. Rekstur og viðhald bílsins er með stærri



5. mynd. Stærð Jökuls 1951-2005, skipting í efnisflokkka.


útgjaldaliðum félagsins (3. mynd). Notagildið er hinsvegar ótvírætt, bæði hvað varðar vinnuferðir og rannsóknarferðir. Nokkrar tekjur hafa öðru hvoru fengist af útleigu í verkefni fyrir rannsóknastofnanir (4. mynd).

3.3. Útgáfustarfsemi

3.3.1. Jökull

Erfiðleikar voru í útgáfu Jökuls á tímabili og kom ekkert hefti út 1995-1997. Alger stakkaskipti urðu 1998 en þá komu út tvö hefti (no. 45 og 46), eitt 1999 (47), tvö 2000 (48 og 49) og síðan hefur komið eitt á ári. Viðsnúninginn má einkum þakka röggsumri ritstjórn Bryndísar Brandsdóttur og Áslaugar Geirsdóttur. Samhliða meiri reglu í útgáfu var ritnefnd stækkuð og inn í hana fengnir nokkrir sérfræðingar frá ýmsum stöðum í heiminum. Telst nefndin nú alþjóðleg, en það skiptir verulegu máli fyrir alþjóðlega viðurkenningu Jökuls sem vísindatímarits. 49. árgangur Jökuls var helgaður Kötlu og í 50. árgangi voru nokkrar greinar um þætti í sögu félagsins, í tilefni af 50 ára afmæli þess árið 2000.

Efni Jökuls frá upphafi var kannað sérstaklega á vegum stefnumótunarnefndar (5. mynd) og raðað í eftirfarandi flokka: a) vísindagreinar, b) skýrslur, c) ferðasögur, d) félagsmál e) annað. Þess skal getið að frá 1986 eru ritrýndar vísindagreinar merktar sérstaklega sem slíkar í Jökli, en þar á undan er stundum álitamál hvað beri að teljast vísindagrein og hvað teljist skýrsla. Sjaldan er þó erfitt að velja þar á milli. Framan af renna skýrslur og ferðasögur stundum saman í eitt og því ekki alveg víst að flokkun sé 100% sjálfri sér samkvæm, en þegar á liður verður auðvelt að greina á milli. Frásagnir af ferðum eru stundum í skýrslum um starfsemi félagsins hin seinni ár og einnig er skylt að nefna að frá 1977 er tímaritið gefið út




6. mynd. Hlutfall vísindagreina af efni í Jökli 1951-2005.

sameiginlega af Jökларannsóknafélaginu og Jarðfræðafélaginu og birtast því í flestum árgöngum frá 1977 skýrslur um starfsemi beggja félaga. Komið hafa nokkrir toppar í útgáfuna, t.d. vegna hafísráðstefnu (1969), sjötugsafmælis Sigurðar Þórarínssonar og Grímsvatnagoss (1982-1984), 40. ára afmælis félagsins (1990) og aukið aðstreymi efnis síðustu þrjú ár (2004-2006).


Samkvæmt þessu yfirliti hafa alls 779 greinar birst í Jökli frá upphafi, samtals 5340 bls. Þar af eru vísindagreinar 278 (3491 bls.), skýrslur 187 (974 bls.), ferðasögur 95 (375 bls.), greinar um málefni félaganna 103 (281) og aðrar greinar 116 (220 bls.). Sé miðað við blaðsíðufjölda er hlutfall vísindagreina því tæpir 2/3 af efni tímaritsins Jökuls á árunum 1951-2005. Á 6. mynd er, til frekari glöggvunar, sýnt hvert hlutfall vísindalegs efnis hefur verið. Á 7. mynd er rakinn útgáfukostnaður Jökuls á meðan 8. mynd sýnir styrki til útgáfunnar, en þeir hafa heldur lækkað frá 9. áratug síðustu aldar. Tekjur vegna erlendrar áskriftar eru á 9. mynd.

3.3.2. Fréttabréf


Fréttabréfið hefur komið út reglulega á tímabilinu yfirleitt 4-6 tölublöð á ári. Er efnistöð svipuð og verið hefur, með tilkynningum um fundi og ferðir auk ýmissa fróðleiksmola til félagsmanna. Miklar breytingar hafa orðið á skipulagi pósthjónustu á Íslandi á tímabilinu og hefur kostnaður vegna póstsendinga stórukist í kjölfarið. Hefur póstsendingarkostnaður stórukist. Því er bréfið nú sent út rafrænt til um helmings félagsmanna. Er stefnt að því að fjölga í þeim hópi til að draga úr tilkostnaði og auka sveiganleika. Ritstjórn fréttabréfsins var lengst af í höndum Odds Sigurðssonar, síðan Sverris Elefsen en Valgerður Jóhannsdóttir tók við nú á vordögum 2006.




7. mynd. Kostnaður við útgáfu Jökuls.



8. mynd. Styrkir frá ráðuneytum Mennta- og Umhverfismála til útgáfu Jökuls.



9. mynd. Tekjur vegna erlendrar áskriftar að Jökli.



10. mynd. Tekjur vegna gistigjalda í jöklahúsum.

3.3.3. Heimasíða


Fyrir nokkrum árum var heimasíðu komið upp fyrir fyrir félagið: www.jorfi.is. Þar eru fréttabréfin m.a. aðgengileg og ýmis fróðleikur um félagið. Síðan hefur þó ekki nýst sem skyldi sem lifandi fréttamiðill. Skortir fyrst og fremst umsjónarmann sem uppfærir síðuna reglulega, breytir hennig og bætir. Koma þarf síðunni í betra horf á næstunni.

3.3.4. Önnur útgáfa

Félagið stundar ekki aðra útgáfu en Jökul og fréttabréfið. Haustið 2000 var þó tekin saman skýrsla um rannsóknir á Vatnajökli og aðstöðu félagsins þar. Skýrslan var lögð fram á fundi um Vatnajökulspjóðgarð á Kirkjubæjarklaustri til að stuðla að því að tekið yrði tillit til hagsmuna félagsins og og þeirra sem stunda rannsóknir á jöklinum. Félagið átti einnig aðkomu að útgáfu á Jöklariti Sveins Pálssonar á ensku, í þýðingu Richie Williams og Odds Sigurðssonar.

3.4. Skálamál

Skálar Jökларannsóknafélagsins hafa verið byggðir með þarfir rannsókna og ferðalaga á jöklum að leiðarljósi. Alls á félagið 12 hús á 6 stöðum. Öll húsin utan eitt eru á eða við Vatnajökul (sjá 1. mynd). Þau eru talin upp í 1. töflu.



11. mynd. Kostnaður við rekstur jöklahúsa. Kostnaður við nýbyggingar er ekki talinn með.

Húsin í Jökulheimum og hús II og III á Grímsfjalli eru læst og ekki opin almenningi nema sértaklega standi á. Ferðamenn fá að gista í þeim ef pantað er fyrirfram og ekki eru árekstrar við notkun vegna rannsókna. Reyndin er sú að flestir sem eftir leita fá inni í skálunum. Húsin á Grímsfjalli eru innan marka þjóðgarðsins í Skaftafelli.

Viðhald og rekstur húsanna er viðamiklir þættir í starfi félagsins. Skálanefnd félagsins sér um þessi mikilvægu verkefni ásamt uppbyggingu og nýsmíði. Mestur hluti vinnunnar snýst um skálana á Grímsfjalli og í Jökulheimum enda eru þessi hús höfuðbækistöðvar félagsins. Svo til öll gistigjöld sem greidd eru vegna skálanna koma frá þessum tveimur stöðum. Tekjur vegna jöklahúsa eru sýndar á 10. mynd en viðhaldskostnaður á 11. mynd. Athugið að stofnkostnaður er ekki tekinn með.

3.4.1. Grímsfjall

Verkefni við húsin á Grímsfjalli síðustu 10 árin hafa einkum verið stækkun gamla skála (Skála I) 1999 og uppsetning rafstöðvar og rafvæðing húsanna vorið 2003. Einnig var gamli skáli klæddur að innan og gerður vistlegur til íveru. Gufubaðið var endurnýjað 2004 og endurbætur gerðar á salernisaðstöðunni.

1. tafla. Skálar Jöklarannsóknafélagsins

Staður	byggingarár	Lýsing
Breiða á Breiðamerkursandi	1951	braggi, bílageymsla
Jökulheimar I	1955	skáli, 20 manna
Jökulheimar II	1965	skáli, 8-20 manna
Jökulheimar	1958	Bílageymsla
Jökulheimar	1965	Eldsneytisgeymsla
Grímsfjall I	1957	skáli, mælitæki, jarðhitaorkuver
Grímsfjall II	1987	skáli, 24 manna
Grímsfjall III	1994	eldsneytisgeymsla, salerni
Kverkfjöll	1977	skáli, 6-12 manna
Goðahnúkar	1979	skáli, 6-12 manna
Fjallkirkja á Langjökli	1979	skáli, 6-12 manna
Esjufjöll	1951	skáli (braggi), fauk 1966
	1977	skáli, 6-12 manna, fauk 1999
	2002	skáli, 12 manna

3.4.2. Esjufjöll

Húsið sem sett var upp 1977 fauk í fārviðri síðla vetrar 1999. Nýtt hús var smíðað veturinn 2001-2002 og flutt á staðinn í byrjun maí 2002. Naut félagið þar aðstoðar Hjálparsveitar Skáta í Reykjavík sem lagði til sinn öfluga snjóbil. Vegagerðin styrkti flutningana með fjárframlagi. Nýja húsið er heldur stærra en það eldra og frágangur allur mun rammgerðari.

3.4.3. Jökulheimar

Helstu verkefni frá 1995 hafa verið rafvæðing húsanna 2001 og borun neysluvatnsholna við bæði húsin sumarið 2004. Gengið var frá dælum og lögnum það sama haust. Styrkur fékkst frá Ferðamálaráði fyrir hluta kostnaðar við borunina.

3.4.4. Aðrir skálar

Í Kverkfjöll koma margir en fáir gista. Félagið vitjar þó hússins í flestum vorferðum og pallur var smíðaður við suðurgaflinn fyrir nokkrum árum. Húsið kom í góðar þarfir í GPS

mælingum sumarið 2005. Gistinætur eru fáar í Goðahnúkum en húsið er mikilvægt í rannsóknarferðum vegna afkomu á austanverðum jöklinum að vori og sumri. Húsið var tekið í gegn í ágúst 2005 í tengslum við GPS mælingar á Grendli. Kirkjuból á Langjökli er lítið notað og aðgengi verður æ erfiðara vegna hops jökulsins. Hugmyndir hafa komið fram um að taka húsið niður en um það eru skiptar skoðanir.

3.5. Skemmtiferðir

Flest sumur frá og með 1997 hafa verið farnar skemmtiferðir sem standa eina helgi, yfirleitt á miðju sumri. Farið hefur verið á Snæfellsnes, um örfæin norðan Skjaldbreiðar, í Tindfjöll, á Heklu, um slóðir sunnan Kerlingarfjalla o.s.frv. Oft hefur mæting verið góð en stundum hafa fáir skráð sig og ferðir þá fallið niður. Fjöldi þátttakenda í þessum ferðum hefur oft verið 30-40 manns en stundum mun minni.

Haustferð í Jökulheima, kennd við 13. september, hefur á síðustu 10 árum stundum tekist vel en önnur ár fallið niður. Tekið var að fara þessar ferðir á einkabílum fyrir nokkrum árum og virtist það hafa góð áhrif. Greinilegt er þó, að það hvernig til tekst, ræðst af því að nægilega margir lýsi yfir vilja til að fara og smiti þannig út frá sér. Einnig hefur ferðatíminn stundum rekist á haustferð á Vatnajökul og dregur það þá úr þátttöku. Virðist skipta miklu máli að skipulag og fararstjórn sé ákveðin með góðum fyrirvara. Þannig næst frekar nægilegur hópur til að ferðin heppnist vel.

3.6. Fundir og félagslíf

3.6.1. Fundir

Um langan tíma hefur félagið haldið þrjá fræðslufundi á ári, haustfund; aðalfund og vorfund. Í tengslum við 50 ára afmæli félagsins árið 2000 voru haldnir tveir fundir. Síðustu ár hafa fundirnir farið fram í Norræna Húsinu. Aðsókn að fundum hefur yfirleitt verið góð, 50-80 manns. Haustfundur 1996, milli Gjálpargoss og Grímsvatnahlaups er e.t.v. fjölmennasti fundur sem félagið hefur staðið fyrir. Húsfyllir (120 manns) var á hátíðarfundum í Norræna Húsinu á 50 ára afmæli félagsins. Húsið yfirfylltist á haustfundi 2003 og yfir 100 manns sóttu fundi Helga Björnssonar um íssjármælingar í janúar 2001 og Sigfúsar Johnsen um ískjarnaboranir í apríl 2004. Greinilegt er að þegar fjallað er um atburði eða sögur úr náttúrunnar ríki sem ofarlega eru á baugi, vekja fundirnir mikinn áhuga, einkum ef efni þeirra er kynnt í fjölmiðlum.

3.6.2. Árshátíðir og aðrar skemmtanir

Undanfarin 10 ár hafa að jafnaði 60-80 manns sótt árshátíðina. Þó voru þátttakendur í hátíðinni á 50 ára afmæli félagsins 120-130. Öðru hverju hafa verið haldin óformleg bjórkvöld, en þó varla nema annað hvert ár eða svo. Áhugi hefur komið fram um að halda

slík kvöld oftast. Á þriðjudagsmorgnum milli kl. 9 og 10 hittist nokkur hópur félagsmanna í kaffi í Húsamiðjunni við Skútuvog. Morgunkaffið er ekki formlegur hluti starfseminnar en það er mikivægt fyrir þann hóp sem það sækir. Allir eru velkomnir í Húsasmiðjukaffi en það mun hafa hafist á 8. áratugnum.

3.7. Fjármál, samantekt

Fjárhagur félagsins hefur verið traustur allan síðasta áratug. Helstu gjöld eru útgáfa Jökuls, rekstur bílsins og viðhald skála. Öðru hvoru verða meiri útgjöld, t.d. við skálabyggingar og endurnýjun bíls. Félagið hefur jafnan átt nokkurn sjóð sem hægt hefur verið að grípa til. Er það félaginu nauðsynlegt til að mæta útgjaldasveiflum.

Hér að framan hafa útgjöld og tekjur sem tengjast helstu viðfangsefnum félagsins komið fram á súluritum. Til að fá heildarmynd af tekjum og gjöldum er rétt að taka þessar upplýsingar betur saman. Tekjustofnum félagsins á tímabilinu má skipta á eftirfarandi hátt:

- Árgjöld
- Tekjur vegna Jökuls (styrkir, erlend áskrift, sala eldri hefta).
- Gistigjöld í jöklahúsum.
- Styrkir vegna vorferða og verkefna sem tengjast jöklahúsum.
- Leigutekjur bíls.
- Aðrar tekjur (vextir, tekjur af fundum o.s.frv.).


Á 12. mynd eru þessir tekjuliðir settir saman í súlurit. Að meðaltali eru félagsgjöld 34% tekna, tekjur Jökuls 18%, gistigjöld 28%, ýmsir styrkir (vegna rannsókna og skála) 10%, leigutekjur bíls 7% og aðrar tekjur 3%.

Útgjöldum félagsins má skipta niður á meginviðfangsefnin:


- Rannsóknir.
- Jöklahús.
- Bílakostnaður (þ.á.m. 2/3 hlutar húsaleigu).
- Útgáfa (Jökull, fréttabréf).
- Annar kostnaður (fundir, burðargjöld, vefsíða, bankagjöld o.s.frv.)

Á 13. mynd sést hvernig útgjöldin hafa deilst á milli viðfangsefnanna frá 1995. Bílakostnaður skiptist í rekstur og stofnkostnað. Kaup á bílum 1997 og 2002 koma sterkt fram sem aukin útgjöld þessi ár. Þrír megin útgjaldaliðirnir eru af svipaðri stærð, þ.e. bíllinn (33%), jöklahúsin (23%) og útgáfan (26%). Raunverulegur tilkostnaður við rannsóknir kemur ekki fram nema óbeint, því notkun bílsins hefur verið mest í rannsókniferðum, einkum á fyrri hluta tímabilsins. Ýmis annar kostnaður er 12% af útgjöldum félagsins.


Á 14. mynd eru heildartekjur og gjöld sýnd á sama línuriti. Fram kemur að nokkur afgangur hefur verið öll ár nema 2001 og 2005. Árið 2005 fór saman nokkur samdráttur í gistigjöldum



12. mynd. Sundurliðun tekna JÖRFÍ 1995-2005.



13. mynd. Sundurliðun útgjalda JÖRFÍ 1995-2005. Stofnkostnaður við skála og bíla meðtalinn. Smíði Esjufjallaskála 2001-2002 var að stórum hluta greidd af tryggingabótum og kemur því ekki nema að litlu leyti fram sem útgjöld.



14. mynd. Hagnaður (tap) af rekstri félagsins að teknu tilliti til afskrifta 1995-2005.

og það, að styrkir voru lægri en oft áður. Á sama tíma voru útgjöld tengd jöklahúsum í hærra lagi. Afkoma ársins 2005 sýnir svo ekki verður um villst að allrar aðgæslu er þörf í rekstri félagsins. Jafnframt er ljóst að töluverðir möguleikar eru á fjárstuðningi til félagsins úr ýmsum sjóðum til endurbóta á aðstöðu í húsum félagsins. Þar liggja því tækifæri fyrir öflugt félag sem sækir styrk sinn að miklu leyti í óeigingjarnt sjálfbóðaliðastarf.

4. FRAMTÍÐARSÝN OG ÚRBÆTUR Í STARFSEMI FÉLAGSINS

Á fundi stjórnar og nefnda 31. janúar síðastliðinn (SVÓT-fundi) voru skilgreindir áherslupættir í starfseminni á komandi árum. Sú framtíðarsýn sem hér er sett fram byggist á niðurstöðum fundarins. Settir eru fram punktar um rannsóknir, skálamál, útgáfumál, ferðir og félagsmál. Framtíðarsýnin byggir á því að viðhalda félaginu með sinni einstæðu blöndu fagmanna og áhugamanna á mörgum sviðum. Að áfram verði haldið samvinnu vísindamanna og áhugamanna við rannsóknir, að smiðir og aðrir fagmenn haldi áfram að leiða skálaviðhald og byggingar með hjálp annarra félagsmanna, að útgáfustarfi félagsins verði haldið áfram og það eftt, og að allir hjálpist að við að viðhalda góðum félagsanda með áhugaverðum ferðum, fundum og skemmtunum á vettvangi félagsins. Hér á eftir eru raktar þær áherslur sem félagið vill hafa á næstu árum. Stefnan var samþykkt í stjórn félagsins á fundi hennar 9. október 2006.

4.1. Framtíðarsýn í rannsóknum

Meginþættir rannsóknastarfsins eru vorferðin á Vatnajökul og sporðamælingarnar. Einhugur er í félaginu að halda þessari starfsemi áfram og efla hana. Að auki er vilji fyrir því að afkomumælingar á Mýrdalsjökli verði reglulegur þáttur í starfseminni. Eitt einkenni nýrra tíma er vaxandi framhaldsnám við háskóla. Í því sambandi vill félagið skapa aðstöðu fyrir nemendur til að vinna rannsóknarverkefni í ferðum félagsins, og stuðla með öðrum hætti að jöklarannsóknum framhaldsnema. Þá vill félagið skoða vel möguleika á að nýta betur og markvissar ýmsar ferðir áhugamanna á jökla, þar sem þeir geta án mikillar fyrirhafnar aflað mikilvægra gagna. Hér á eftir fara einstakir áherslupunktar:

4.1.1. Um vorferðir

- Halda áfram öflugum rannsóknum í vorferðum í samvinnu við rannsóknarstofnanir og áhugasama einstaklinga.
- Halda áfram samstarfi um vorferð við Landsvirkjun, Vegagerðina og fleiri.
- Nýta ferðina til að draga að áhugasama unga vísindamenn og annað jöklafólk.

4.1.2. Sporðamælingar

- Taka upp reglubundnar mælingar á nokkrum stórum framhlaupsjöklum sem liggja utan alfaraleiðar, s.s. á Brúarjökli, Dyngjujökli og Þjórsárjökli.
- Félagið auglýsi munaðarlausu jökla í fréttabréfi (þar sem ábyrgð tilvonandi föstra er áréttuð).
- Aukin notkun GPS tækja við sporðamælingar.
- Aukin upplýsingagjöf til mælingamanna, t.d. með dreifibréfi að sumri þar sem minnt er á mælingar á komandi hausti auk lýsinga á hentugum mæliaðferðum.

4.1.3. Afkomumælingar á Mýrdalsjökli

- Rannsóknanefnd félagsins skipi umsjónarmann mælinga hverju sinni snemma árs. Nefndin sjái til þess að gögnum sé skipulega haldið til haga.
- Stefnt verði að því að félagið eignist eigin snjókjarnabor sem nota megir m.a. á Mýrdalsjökli, en borar rannsóknastofnanna eru oft í notkun á öðrum jöklum á vorin.
- Ferð á Mýrdalsjökul verði jafnan hópferð þar sem félagsmönnum gefst tækifæri til að kynnast afkomumælingum.
- Komið verði fyrir leysingastiku/stikum sem lesið verði af yfir sumarið og að hausti. Samstarfs má leita við ferðapjónustuaðila.

4.1.4. Framhaldsnemar

- Rannsóknafærðum félagsins sé hagað þannig að áhersla sé lögð á verkefni framhaldsnema í jöklarannsóknunum.
- Kannað verði hvort félagið hafi bolmagn til að veita fé til að styrkja mælingar í verkefnum framhaldsnema á sviðum sem tengjast jöklum, t.d. einn styrk á ári.

4.1.5. Nýting ferðalaga á jökla

- Nýta vefsíðu til að láta vita af smáverkefnum sem sinna þarf og ferðamenn gætu unnið.
- Kynna möguleika á slíkum verkefnum meðal vísindamanna.

4.2. Framtíðarsýn í skálamálum

Skálarnir skapa grundvöllinn fyrir vinnu félagsins á Vatnajökli. Með aukinni ferðamennsku á jöklum hefur ásóknin aukist og hefur það verið stefna félagsins að húsin nýtist sem best fyrir ferðamenn. Jafnframt þarf að tryggja að félagið geti nýtt hús sín til rannsókna og annarra ferða á vegum félagsins. Ekki eru uppi áform nú um skála á nýjum stöðum. Vilji er fyrir gagngerum endurbótum á nýja skálanum í Jökulheimum. Tryggja þarf að viðhald húsa sé jafnan nægilegt og að félagið sé vakandi fyrir því hvernig breytingar á jöklum geti kallað á breytta staðsetningu húsa.

4.2.1. Skálar fyrir félagið

Með aukinni ferðamennsku og minnkandi snjó á hálendinu hefur álag á skála félagsins aukist. Það kallar á traust skipulag á bókunum og notkun félagsins.

- Í upphafi árs verði gerð áætlun um notkun félagsins á skálum. Hún verði nægilega rúm til að breytingar á ferðaáætlunum valdi ekki vandræðum.
- Notkun annarra á húsum á svipuðum tíma og ferðir félagsins, sé með þeim fyrirvara að félagið hafi forgang ef áætlanir breytast.

4.2.2. Jökulheimar

Í allmörg ár hefur verið rætt um gagngera klössun á nýja skála. Þetta verkefni er mjög tímabært og einlægur vilji í félaginu til þess að láta þessa framkvæmd verða að veruleika.

- Skálanefnd geri kostnaðaráætlun og tímaáætlun.
- Verkið verði skipulagt þannig að sem viðtækust þátttaka félagsmanna náist.

4.2.3. Staðsetning skála

Ekki verði stefnt að því að fjölga húsum félagsins. Aðstæður við og á jöklum breytast nú hratt. Því getur aðgengi að húsum breyst með tímanum og staður sem áður var í alfaraleið getur orðið torsóttur vegna hops jökla. Einnig getur nýir staðir orðið álitlegir.

- Staðsetning skála félagsins sé rædd reglulega með hliðsjón af framtíðarnotkun og aðgengi.

4.2.4. Breiðá

Elsta hús félagsins stendur á Breiðamerkursandi og er það án efa það hús sem flestir sjá enda nærri þjóðvegi 1. Að þessu þarf að huga meðan húsið er í eigu félagsins.

- Gerð áætlun um viðhald og endurbætur svo húsið sé í þolanlegu ástandi.
- Áhugasamir félagsmenn virkjaðir til að vinna að viðhaldi.

4.2.5. Bókunarmál

Vegna aukinnar notkunar húsanna hefur erill við eftirlit og umsjón með lyklum og bókunum aukist verulega. Því þarf að finna leiðir til að minnka þessa vinnu.

- Netíð og tölvupóstur verði hagnýttur til að auka sjálfvirkni í pöntunum á húsum.

4.3. Framtíðarsýn í bílamálum

Miklar breytingar hafa orðið á bílaeign félagsins, frá snjóbílum til stórra öflugra jeppa. Ennfremur hefur sú þróun orðið, að stofnanir og fyrirtæki sem áður leituðu til félagsins um aðstoð með farartæki og mannskap gera það í mun minna mæli en áður. Nú eiga allar rannsóknarstofnanir breytta jeppa þannig að leigutekjur fyrir bílinn hafa dregist mikið saman. Þörf félagsins sjálfs til að hafa aðgang að eða eiga farartæki er enn til staðar, einkum til að þjónusta skálana og til að fara í rannsóknarferðir. Kostnaður við að eiga slíkt farartæki er mikill (viðhald, rekstur, húsaleiga) og hafa því vaknað spurningar um hvort skynsamlegt sé fyrir félagið að eiga og reka jöklabíl. Þetta þarf öðru hverju að skoða og hafa mismunandi sjónarmið komið fram. Í þessu sambandi ber að hafa í huga að dágóður hluti rekstrarfjár félagsins fer í rekstur bílsins. E.t.v. væri hægt að leigja bíla félagsmanna í þessi verkefni fyrir minni tilkostnað. Hinsvegar er vafamál hvort hægt sé að leigja bíl í sum þeirra erfiðu verkefna sem bíll félagsins hefur sinnt, t.d. þungaflutninga í erfiðu færi. Því er æskilegt við núverandi aðstæður að félagið hafi full yfirráð yfir öflugum bíl.

Stefna félagsins í bílamálum er því:

- Tryggt sé að félagið hafi alltaf aðgang að eða ráði yfir farartækjum sem duga til að leysa mikilvæg verkefni.
- Eins og er verður félagið sjálft að eiga bíl. Hann verði í umsjá bílanefndar.
- Leitað verði leiða til að aðstaða til geymslu og viðhalds bíls félagsins sé fullnægjandi. Jafnframt verði reynt að halda kostnaði við geymslu bílsins sem lægstum.

- Bíll félagsins sé jafnan tilbúinn í vorferð og aðrar ferðir félagsins.
- Bílaeign sé reglulega tekin til skoðunar.

4.4. Framtíðarsýn í útgáfumálum

Jökull verður áfram flaggskipið í útgáfu Jöklarannsóknafélagsins. Jafnframt þarf að styrkja stöðu Jökuls sem alþjóðlegs vísindarits með áherslu á jöklafræði og jarðfræði Íslands. Styrkja þarf ýmsa upplýsingagjöf, t.d. með veggspjöldum í húsum félagsins en ekki síst með því að efla heimasíðuna og gera hana að virkum þætti í starfi félagsins. Vilji er fyrir því að merki félagsins verði notað meira, t.d. á fatnaði, bíl félagsins o.s.frv.

4.4.1. Heimasíðan

Síðan verði efla og nýjar fréttir og upplýsingar verði fastur liður.

- Skipaður verði ritstjóri heimasíðu og ritstjórn honum til aðstoðar.
- Sett verði upp undirsíða um sporðamælingar félagsins.
- Fréttasíða.
- Upplýsingar um jökla landsins (sprungusvæði, ástand leiða o.s.frv.).

4.4.2. Upplýsingabæklingur/veggspjöld um félagið í skálunum.

- Um félagið og aðstöðu þess á jöklum, rannsóknir og útgáfu.
- Um staðinn – nokkur atriði um jökla, jarðfræði o.s.frv.
- Um húsið/húsin á staðnum (byggingarár, hvernig flutt, aðstaða o.s.frv.).

4.4.3. Stækkað fréttabréf á netinu

- Fréttabréfið verði efla og netið notað meira en nú er.

4.4.4. Jökull

Jökull verði áfram helsta útgáfa félagsins og verði í senn öflugt vísindarit og lifandi félagsrit JÖRFÍ.

- Jökull komi út á fyrri hluta árs.
- Aukin dreifing Jökuls, safnað verði nýjum áskrifendum, innanlands og erlendis.
- Unnið verði skipulega að því að Jökull komist í helstu gagnabanka um alþjóðleg vísindatímarit.
- Jökull aðgengilegur á netinu. A.m.k. í fyrstu þ.a. efnisyfirlit, ágrip og valdar félagsgreinar séu í opnum aðgangi.
- Unnið verði í því að saga félagsins verði gefin út á næstu árum.

4.4.5. Merki félagsins

Merkið, jöklastjarnan, verði gerð aðgengilegra og notað meira en verið hefur, með merkingum á skálum, bíl, útgáfum og fatnaði. Unnið verði markvisst að því að gera jöklastjörnuna að vel þekktu tákni félagsins.

4.5. Framtíðarsýn um ferðir og félagsmál

Félag sem fyrst og fremst byggist upp á áhugafólki þrífst ekki nema í því sé jákvæður félagsandi. Ferðir að jöklum og á jökla verða alltaf mikilvægasti þátturinn í því að byggja upp góðan anda. Margar hefðir hafa skapast sem talist geta meginstoðir félagsins. Stjórn og nefndir þurfa jafnan að hafa þetta í huga og vinna að því að nægileg tækifæri séu til áhugaverðra starfa fyrir félagið. Jafnframt þarf stöðugt að vinna að endurnýjun félagsins með því að laða að nýtt fólk. Þessum markmiðum er hægt að ná með því að leggja áherslu á eftirfarandi atriði:

4.5.1. Öflug vorferð eins og verið hefur

- Mikilvægt að haldið verði úti jafn öflugum vorferðum í framtíðinni eins og við höfum verið að gera.
- Vorferðin er einn mikilvægasti þátturinn í félagslífinu því þar kynnist fólk vel og á auðveldari leið inn í félagið.

4.5.2. Síðsumarferð til viðhalds og rannsókna á Vatnajökli

- Síðsumarferðir eru spennandi möguleiki og henta vel til viðhalds skála og margvíslegra rannsókna. Stefnt verði að árlegum síðsumarferðum. Einnig gefa þær félagsmönnum tækifæri á að kynnast Vatnajökli við allt aðrar aðstæður en í vorferð eða að vetrarlagi.

4.5.3. Skemmtiferð á miðju sumri

Sumarferð verði fastur liður þar sem öll fjölskyldan getur tekið þátt.

- Ferðin verði skipulögð og auglýst með góðum fyrirvara.
- Í ferðinni verði fræðsludagskrá – að hún tengist jöklum eða öðrum jöklatengdum fyrirbærum á einhvern hátt.

4.5.4. Farin haustferð í Jökulheima árlega (13. september ferð)

- Ferðin verði skipulögð og auglýst með góðum fyrirvara.
- Reynt verði að hafa eitthvað spennandi á dagskrá í hverri ferð (gönguferð, skoðuð einhver tiltekin náttúrufyrirbæri, farin einhver áhugaverð leið o.s.frv.).

4.5.5. Ferð til mælinga á Mýrdalsjökul

Ferðin verði m.a. notuð til að laða fólk að félaginu.

- Ferðin skipulögð þannig að sem flestir sem áhuga hafa komist með.
- Allir fái tækifæri á að taka þátt í borun og öðrum verkefnum.
- Ferðin farin í maí, vel fyrir vorferð.

4.5.6. Fræðslufundir

Fundimir hafa gengið vel og mæting á þá hefur jafnt og þétt aukist.

- Áfram haldið á sömu braut, að skaffa áhugavert fundarefni sem félagsmenn og aðrir hafa áhuga á.
- Aukafundir (aðrir en haust, vor eða aðalfundir) verði haldnir þegar áhugavert eða frétt næmt efni kemur upp.

4.5.7. Árhátíð, bjórkvöld

Árshátíðir hafa verið í ágætis formi síðustu ár og á því verði byggt í frekari eflingu félagsstarfsins.

- Athuga hvort skemmtinefnd eigi að starfa allt árið og standa fyrir fleiri upptákómum t.d. bjórkvöldum og skemmtilegum dagsferðum.
- Árhátíðin verði fest enn frekar í sessi, reynt að ná fjölda upp í 100 manns að staðaldri.
- Bjórkvöld verði einu sinni til tvisvar á ári. T.d. með vídeósýningum frá ferðum og jöklum.

4.5.8. Húsasmiðjukaffi

Kaffið hefur verið fastur liður hjá mörgum í áratugi (hófst fyrir aldarþriðjungi).

- Hvetja félagsmenn til að sækja Húsasmiðjukaffið á þriðjudögum.
- Nýta kaffið til að tengja saman gamla og nýja tímann (eldri og yngri félaga).

Stefnumótunarvinna:

SVÓT greining

Jöklarannsóknafélag Íslands

fundur í Mörkinni 6, 13. febrúar 2006

SVÓT greining m.t.t...

- Rannsókna – ...
- Útgáfu – ...
- Skálamála
- Ferðalaga og félagslífs – ...

Alexander Ingimarsson, Magnús Hallgrímsson, Þóra Karlsdóttir, Hrafnhildur Hannesdóttir, Sjöfn Sigsteinsdóttir, Björn Oddsson, Ágúst Hálfðánsson, Finnur Pálsson, Grétar Þorvaldsson, Valgerður Jóhannsdóttir, Stefán Bjarnason, Jón E. Ísdal, Sverrir Hilmarsson, Steinunn Jakobsdóttir, Aðalsteinn Svavarsson, Árni Páll Árnason, Freyr Jónsson, Magnús Tumi Guðmundsson, Magnús Þór Karlsson

Tækifæri varðandi rannsóknir

- Stórir jöklar sem breytast ört
- Framlag til rannsókna á gróðurhúsaáhrifum
- Vaxandi áhugi og umsvif í rannsóknum
- Uppbygging aðstöðu t.d. á Grímsfjalli
- Aukin færni og þekking í ferðalögum um jökla
- Tækifæri í rannsóknum á eldgosum í jöklum
- Auknar sporðamælingar
- Möguleikar á samstarfi við aðila innanlands og utan
- Þjónusta við rannsóknir og atvinnutækifæri fyrir félagsmenn
- Aukinn stuðningur við nemendur í jarðvísindum

Ógnun varðandi rannsóknir

- Áhugaleysi vísindamanna á að starfa í félaginu
- Gróðurhúsaáhrif – eyðing jökla
- Aukin sérhæfing í rannsóknum
- Aukin styrkur annarra til rannsókna án samstarfs við félagið
- Áhugaleysi nemenda í jarðvísindum
- Áhugaleysi félagsins á nemendum í jarðvísindum
- Lítil samskipti við nemendur í jarðvísindum og aðra hugsanlega arftaka í félaginu
- Boð og bönn í þjóðgarðinum í framtíðinni?

Styrkur varðandi rannsóknir

- Skálaeign félagsins
- Sjálfboðaliðar félagsins (mannauður) – bestu reddarar landsins
- Löng hefð rannsókna í félaginu
- Bíllinn
- Vorferðin
- Samstarf við Landsvirkjun og rannsóknastofnanir
- Stuðningur Vegagerðarinnar
- Ímynd félagsins, velvilji
- Gagnasafn (sporðamælingar, afkoma, ljósmyndir)
- Áhugasamir vísindamenn sem vilja starfa með félaginu

Veikleiki varðandi rannsóknir

- Of mikið Vatnajökulsmiðað
- Aukinn styrkur og sjálfstæði rannsóknastofnanna
- Veðurfar
- Skortur á farartækjum
- Lítil stuðningur, nema við rannsóknir hjá þekktum rannsóknarhópum
- Skortur á kynningu

Tækifæri varðandi útgáfu

- Vaxandi áhugi á skrifum í Jökul
- Skráning Jökuls í alþjóðlega gagnabanka
- Netvæðing Jökuls
- Sala á auglýsingum í Jökli
- Meira félagsefni og ferðasögur í Jökli
- Heimasíðan – efling, meira félagsefni
- Merkingar á bílum, húsum, fólki og fatnaði
- Auglýsingar í fréttabréfinu
- Poppaðri greinar í Jökli
- Dreifa fréttabréfinu víðar
- Stærri fréttabréf
- Kynning á heiðursfélögum
- Sala á eldri Jökli
- Sala á Vatnajökulsumslögum
- Útgáfa á söngtextum
- Frásagnir úr ferðum og sögu félagsins
- Skrásetning á sögu félagsins

Ógnun varðandi útgáfu

- Kostnaðarsöm dreifing – vaxandi kostnaður
- Útgáfa Jökuls byggist á vinnu fárra
- Ónóg dreifing
- Samkeppni erlendis frá um efni (vísindagreinar)
- Lítið almennt efni

Styrkur varðandi útgáfu

- Jökull – fræðirit í jöklafræði og jarðvísindum í 55 ár
- Ritrynt alþjóðlegt tímarit
- Duglegir ritstjórar (BB)
- Feit ritnefnd
- Fréttabréfið
- Samstarfið við Jarðfræðafélagið um útgáfu Jökuls
- Framlag sjálfboðaliða
- Vettvangur fyrir rannsóknir á Íslandi

Veikleiki varðandi útgáfu

- Heimasíðan
- Ónóg erlend dreifing Jökuls
- Óregluleg útgáfa Jökuls
- Almenn kynning á félaginu lítil
- Allt of lítið af auglýsingum

Tækifæri varðandi skálamál

- Kynning á félaginu með góðum merkingum skála
- Auknar tekjur vegna gistigjalda
- Uppbygging í Jökulheimum
- Landnám á fleiri jöklum
- Staðsetning skála á lykilstöðum í Vatnajökuls-þjóðgarði
- Uppbygging á Breiðá

Ógnun varðandi skálamál

- Aukin ásókn í húsin – viðhald vex og þrengist um aðgang félagsins sjálfs
- Léleg umgengni – útigrillun og drasl á vetrum
- Olía og önnur mengun á Grímsfjalli
- Skortur á hreinu vatni á Grímsfjalli
- Eldgos í Grímsvötnum
- Eldgos annarstaðar á Vatnajökli
- Breytingar á jöklum sem gera aðgengi erfitt (hop, framhlaup, sprungur)
- Hugsanlegar óvelkomnar lóðaúthlutanir í Jökulheimum
- Breytingar á skipulagi á hálendinu
- Skortur á þinglýsingum skála?

Styrkur varðandi skálamál

- Skálarnir sem byggðir hafa verið
- Skálanefndin – dugnaður og hæfni
- Staðsetning skála (sérstaklega Grímsvötn, Jökulheimar, Kverkfjöll - Goðahnúkar, Esjufjöll, Breiðá, Kirkjuból)
- Skálar draga að nýja félaga
- Stuðla að ferðalögum á jökli
- Skapa félaginu tekjur

Veikleiki varðandi skálamál

- Breiðá lítið sinnt
- Viðhald mikil vinna á fárra höndum
- Viðhaldskostnaður sumra skálanna meiri en tekjur
- Takmarkað og erfitt aðgengi
- Upplýsingar vantar í húsin um húsreglur
- Skortur á upplýsingum (og flæði upplýsinga) um ástand skála, búnað og hvað betur megi fara

Tækifæri varðandi ferðir og félagslíf

- Virkjun heimasíðu – spjallsíða, myndasíða, fréttir úr náttúrunni
- Fræðslufundir
- Fjölgun félaga af öllum gerðum
- Virkja fleiri í vinnuferðir
- Markvissari sumarferðir og haustferðir (rútuferðir)
- Kynning á félaginu meðal nemenda og ungs fólks
- Kynning í björgunarsveitum
- Meiri miðlun upplýsinga til félagsmanna (heimasíðan – myndir)
- Auka tækifæri fólks til að ferðast með félaginu

Ógnun varðandi ferðir og félagslíf

- Almenn jeppaeign
- Þjóðgarðurinn
- Klíkumyndun
- Ónóg nýliðun
- Eyðing jökla
- Hætta á boðum og bönnum – akstur á snjó í hættu
- Góðir vegir á hálendinu – eyðilegging hálendisins

Styrkur varðandi ferðir og félagslíf

- Auknar rannsóknir með þátttöku félagsmanna – tækifæri til ferðalaga um jökla
- Arfur félagsins – söngtextar – hefðir og sögur
- Tryggð félagsmanna við félagið
- Árshátíðin
- Nefndir félagsins
- Fræðslufundirnir
- Skemmtilegur hópur
- Vorferðin
- Vinnuferðir skálanefndar
- Skálarnir
- Bíllinn og viðhald hans
- Fréttabréfið
- Sterkir vinahópar (helvítis klíkurnar)

Veikleiki varðandi ferðir og félagslíf

- Lokaðar klíkur – erfitt að komast inn
- Dvínandi skáldgáfa (skortur á skáldum)
- Áhugaleysi (skipulagsleysi) á sumar- og haustferðum
- Skortur á kynningu á félaginu – erfitt að komast inn í hópinn
- Of fáar skemmtanir að vetrinum
- Meðalaldur félagsmanna
- Of fáar ferðir
- Of fáir komast í bitastæðar ferðir
- Skortur á íslensku/félagsefni í Jökli

Framtíðarsýn varðandi rannsóknir

- Sterk þátttaka í rannsóknum gegnum vorferðir
- Efldar sporðamælingar (fjölgun mælistaða)
- Afkoma Mýrdalsjökuls mæld reglulega
- Virkur stuðningur við verkefni framhaldsnema í verkefnum sem tengjast jökulum – e.t.v. fjárstyrkir

Framtíðarsýn varðandi útgáfu

- Síðbreytileg, gagnvirk, skemmtileg heimsíða
- Upplýsingabæklingur um félagið í skálum
- Stækkað fréttabréf á netinu
- Jökull komi út á fyrri hluta árs
- Aukin dreifing Jökuls
- Jökull verði í helstu gagnabönkum um alþjóðleg vísindatímarit
- Jökull aðgengilegur á netinu
- Saga félagsins verði gefin út á næstu árum
- Merki félagsins verði notað á öllum útgáfum

Framtíðarsýn varðandi skálamál

- Skálar nýttir af félaginu – aðrir geti notað húsin þegar þau eru laus
- Gott viðhald á öllum skálum félagsins
- Meiri sjálfvirkni í pöntun á húsum
- Endurbætur í hreinlæti og vatnsbúskap
- Nýi skálinn í Jökulheimum endurbyggður
- Gengið frá Breiðá þannig að staðurinn sé félaginu ekki til skammar
- Staðsetning skála sé reglulega rædd með hliðsjón af framtíðarnotkun og aðgengi

Framtíðarsýn varðandi ferðir og félagslíf

- Öflug vorferð eins og verið hefur
- Síðsumarferð til viðhalds og rannsókna á Vatnajökli
- Sumarferð skipulögð með góðum fyrirvara
- Haustferð í Jökulheima með dagskrá
- Regluleg ferð á Mýrdalsjökul
- Fræðslufundir, árhátíð, bjórkvöld
- Húsasmiðjukaffi eins og verið hefur síðastliðin 30 ár